

Alþingi  
Erindi nr. þ 130/1950  
komudagur 19.4.2004

Frá Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands,  
Kennaraháskóla Íslands, v/Stakkahlíð, 105 Reykjavík

Til Menntamálanefndar Alþingis,  
Alþingi, 150 Reykjavík

Reykjavík, 18. apríl 2004

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 137/1997  
um Kennaraháskóla Íslands, 817. mál, dómnefndir, auglýsingar um störf o.fl.  
(Lagt fyrir á 130. löggjafarþingi 2003–2004.)**

Stjórn Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands hefur fjallað um frumvarpið og gerir við það eftirfarandi athugasemdir.

**1. grein**

Ekki er gerð athugasemd við fyrstu efnismálgrein um að fella niður auglýsingaskyldu vegna tímabundinna, tilfallandi starfa sem tilgreind eru í efnisgreininni. Þó er rétt að benda á að auglýsing slíkra starfa getur í vissum tilvikum átt rétt á sér. Kennarafélag KHÍ treystir því að heimildinni verði beitt þröngt og samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur eins og segir í greinargerð.

Í annarri efnismálgrein er lagt til að Kennaraháskólanum verði heimilað að ráða kennara og aðra til vísinda- og fræðistarfa tímabundinni ráðningu til að allt að fimm ára í senn í stað tveggja samkvæmt nánari reglum sem háskólaráð setur. Svigrúm háskólans að þessu leyti er aukið úr tveimur árum í fimm. Eðlilegt er að um þetta atriði sé hugað að samræmi milli laga um ríkisháskóla og taka má undir það sjónarmið að starf háskólakennara geri miklar kröfur hvað varðar undirbúning og þjálfun. Hins vegar þykir stjórn félagsins þurfa veigameiri rök til að veita rýmri heimild til tímabundinna ráðninga en er í lögum um opinbera starfsmenn og er andsnúin breytingunni.

Ef ofangreind breyting verður engu að síður að lögum þarf að gæta þess vandlega við alla útfærslu að starfskjör háskólakennara og annarra sem sinna vísinda- og fræðistörfum skerðist hvergi eða bíði hnekki með tilliti til launakerfis, möguleika til framgangs og fleiri þátta. Færni og þjálfun í rannsóknarstörfum ásamt viðurkenningu í launum fyrir unnin störf kann að fara forgörðum verði ekki gætilega farið.

Í þriðju efnismálgrein er veitt heimild til að ráða kennara í hlutastarf. Ennfremur að tengja slíkt hlutastarf störfum utan háskólans eða við stofnanir hans. Sveigjanleikinn sem þetta veitir kann að vera æskilegur en miklu varðar að með þessu móti verði ekki reynt að breyta starfskyldum prófessora, dósentna, lektora og aðjúnkta hvað varðar kennslu,

stjórnun og rannsóknir. Um kennara í hlutastarfi eiga að gilda sömu meginreglur hvað varðar skilgreiningu starfssviða, réttindi og skyldur og um kennara í fullu starfi.

Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands treystir því og leggur á það áherslu að á grundvelli lagabreytinga sem hér eru til umfjöllunar verði ekki reynt að komast hjá eða grafa undan öðrum ákvæðum laga og reglna um ráðningu kennara, þ.e.a.s. prófessora, dósentra, lektora og aðjunkta eða hrófla við skilgreiningu á störfum þeirra.

Fyrir hönd Kennarafélag Kennaraháskóla Íslands,

Torfi Hjartarson lektor  
formaður Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands  
[torfi@khi.is](mailto:torfi@khi.is) – 563 3930